65. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um laun handa settum amtmanni.** 1861. 12. septbr.

Í sambandi við brèf dómsmálastjórnarinnar 11. júlím. þ. á., um að þèr skylduð fyrst um sinn gegna amtmannsembættinu í vesturumdæminu á Íslandi, skal yður það nú kunngjört, að dómsmálastjórnin leyfir, samkvæmt því sem þèr hafið sótt um, að þèr, frá því 1. júnímánaðar, er síðast leið, og meðan þèr gegnið amtmannsembættinu, fáið full laun, þau er lögð eru til embættis þessa, að meðtöldum húsaleigustyrk, launaviðbót eptir kornverði, og skrifstofufè, og hefir landfógetanum á Íslandi í dag verið ritað það, er með þarf um þetta efni.

---

66. **Brèf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins á Íslandi, um borgun fyrir læknisáhöld handa landlækni.** 20. septbr.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá brèf yðar, herra stiptamtmaður, 9. aprílm. þ. á., hafa verið keypt, uppá kostnað jafnaðarsjóðs suðurumdæmisins, ýmisleg ný læknisáhöld, og þau síðan send landlækni á Íslandi.

Um leið og þetta er þannig kunngjört yður, eruð þèr beðnir að hlutast til um, að þeir 118 rd., er hafa gengið til að fá fyrir áhöld þessi, og til bráðabyrgða hafa greiddir verið úr aðalfèhirzlu ríkisins, verði endurgoldnir á þann hátt, að þeir séu greiddir úr jafnaðarsjóðnum inn í jarðabókarsjóð Íslands.